



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/279
komudagur 20.11.2013

Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku gæðamerkisins „broskarlinn“, 58. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA) gefa sameiginlega umsögn um ofangreint mál.

SI og SA geta tekið undir að gagnsæi hvers konar sé af hinu góða. Hins vegar benda Samtökin á að ætli íslensk stjórnvöld að velta fyrir sér að opinbera eftirlitsskýrslur á einn eða annan hátt þarf að gera ýmsar ráðstafanir áður en það er mögulegt.

1. Broskarl með skeifu (svokallaður fýlukarl) getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þann sem fær slíkan úrskurð. Reglur þurfa því að vera mjög skýrar þannig að fyrirtæki viti nákvæmlega hvernig þau geta tryggt sér brosið. Á því virðist vera einhver misbrestur eins og staðan er.
2. Tryggja þarf að sömu kröfur gildi alls staðar á landinu. Ilimögulegt er að tryggja að svo sé á meðan matvælaeftirlit er á hendi 10 ólíkra heilbrigðisnefnda. Forsenda er því að allt matvælaeftirlit heyri undir eina stofnun.

Opinberun á eftirlitsskýrslum þyrfti því að undirbúa og kynna mjög vel og gefa góðan aðlögunartíma.

Í greinargerð með tillögunni er minnst á að veita stofnunum sveitarfélaga brosmarki fyrir frammistöðu en með því myndu sveitarfélögin (heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga) verðlauna sjálf sig. Þannig skapast óeðlileg hættu á mismunun milli almenns atvinnurekstrar og atvinnurekstrar á vegum sveitarfélaganna.

Við núverandi aðstæður leggjast Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins gegn því að broskarlakerfi að danskri fyrirmynd verði tekið upp hér á landi.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Hédinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs